

Mánudaginn 19. október 1987.

Nr. 229/1986. **Íþróttasamband Íslands og
nefnd skv. 8. gr. reglugerðar um
eftirlit með notkun örvunarefna**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Jóni Páli Sigmarssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hdl.)

Íþróttafélög. Lyfjapróf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Afrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1986 og krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í héraði og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms. Þá krefst stefndi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, auk 10% söluskatts til ríkissjóðs af málskostnaði.

Stefndi styður frávisunarkröfu sína þeim rökum, að þar sem tímabil það, sem hinum umdeilda úrskurði var ætlað að gilda, sé liðið, hafi afrýjandi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm Hæstaréttar fyrir því, að úrskurðurinn taki gildi. Samkvæmt því og þar sem engar fjárkröfur séu hafðar uppi í málinu geti dómur í málinu aðeins haft þýðingu sem lögfræðilegt álit um atriði, sem varði innri málefni afrýjanda, og beri því að vísa málinu frá Hæstarétti samkvæmt 67. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og 58. gr. laga nr. 75/1973.

Telja verður, að það skipti afrýjendur máli að lögum að fá efnisdóm í máli þessu og standa hvorki 66. gr. né 67. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, því í vegi, að málið verði dæmt í Hæstarétti. Er því frávisunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Aðila máls þessa greinir á, hvort stefndi hafi sagt sig úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur. Samkvæmt 5. gr. félagslaga þess skal úrsögn úr einstökum íþróttadeildum tilkynnt deildarstjórn skriflega.

Samkvæmt framburði stefnda sjálfs sem hann hefur vísað til, lét hann þau orð meðal annars falla í desembermánuði 1984 við fyrirsvarsmann lyftingadeildar, að hann „ætlaði“ að fara í atvinnu-mennsku og „myndi“ ganga úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur og verður ekki talið að í þessum ummælum felist endanleg ákvörðun um úrsögn. Samkvæmt því er ósannað, að stefndi hafi á þessum tíma eða síðar sagt sig úr umræddu félagi eða lyftingadeild þess.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að stefndi hafi verið bundinn af reglugerð Íþróttasambands Íslands frá 1982 um eftirlit með notkun örvunarefna, svo sem reglugerð þessari var breytt 31. mars 1984. Samkvæmt 3. gr. þeirra reglna er íþróttamanni, sem valinn er til lyfjæftirlits, skylt að láta skoða sig í samræmi við gildandi reglur. Neiti hann slíkri skoðun, er hann samkvæmt ákvæðum sömu greinar, útilokaður frá þátttöku í íþróttamótum innan allra sér-sambanda Íþróttasambands Íslands í minnst tvö ár.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi fékk boð um að koma til lyfjaprófs á ákveðnum tíma. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að þeirri boðun hafi verið svo áfátt, að hann hafi ekki verið af henni bundinn. Fyrrgreind ákvæði 3. gr. reglna um eftirlit með notkun örvunarefna geyma einföld og afdráttarlaus ákvæði um það, hvaða viðurlögum það varði, ef íþróttamaður sinnir ekki kvaðningu til lyfjaprófs. Ákvörðun um að beita stefnda nefndum viðurlögum var tekin af sérstakri nefnd, sem til þess var bær samkvæmt 8. gr. í síðastgreindri reglugerð. Hefur stefndi ekki bent á nein atriði, sem máli gátu skipt, þótt hann kæmi þeim á framfæri við nefndina, áður en sá úrskurður gekk, sem krafist er ógildingar á í máli þessu. Verður ekki talið, að úrskurðinum hafi af þessum eða öðrum ástæðum verið svo áfátt, að hann verði dæmdur ógildur.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú að sýkna ber áfrýjendur af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Afrýjendur, Íþróttasamband Íslands og nefnd skv. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, Jóns Páls Sigmarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og
Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um, að ekki beri að taka frávisunarkröfu stefnda til greina.

Við teljum ósannað, að úrsögn stefnda úr Knattspyrnufélagi Reykjavíkur hafi verið búin að taka gildi, þegar hann var boðaður í lyfjaprófun í febrúar 1985, og var hann því undir lögsögu Íþróttasambands Íslands kominn. Þótt nefnd skv. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna, sem úrskurðaði stefnda í tveggja ára keppnisbann, sé ekki einn af dómstólum Íþróttasambands Íslands, þá hefur hún viðtekt úrskurðarvald, og er full ástæða til að krefjast þess, að hún gæti sömu reglna við meðferð mála og dómstólum Í.S.Í er gert að gera.

Með þessum athugasemdum teljum við að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans. Við erum sammála meiri hluta dómenda um að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. maí 1986.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 21. apríl sl., var höfðað hér fyrir þinginu með stefnu birtri 27. og 28. september og 2. október 1985 af Jóni Páli Sigmarssyni aflraunamanni, nnr. 5182-1815, nú til heimilis að Hraunbæ 40, Reykjavík, gegn Sveini Björnsyni forseta Íþróttasambands Íslands f.h. Íþróttasambands Íslands, nnr. 4843-2441, Íþróttamiðstöðinni, Laugardal, Reykjavík, og nefnd samkvæmt 8. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna þeim Hannesi Þorsteini Sigurðssyni forstöðumanni, nnr. 3729-1439, Rauðagerði 12, Reykjavík, Jóni Ármanni Héðinssyni, nnr. 5144-6542, Birkigrund 59, Kópavogi, Stefáni Carlssyni lækni, nnr. 8352-2321, Hraunbæ 148, Reykjavík, Magnúsi B. Einarssyni lækni, nnr. 6252-1007, Hvassaleiti 145, Reykjavík, og Guðmundi Þórarinssyni íþróttakennara, nnr. 3117-4740, Bólstaðarhlíð 44, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að úrskurður nefndar samkvæmt 8. gr. reglugerðar ÍSÍ um eftirlit með notkun örvunarefna verði dæmdur ógildur, en hann er svohljóðandi:

„Með hliðsjón af framlögðum gögnum og ákvæðum reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna úrskurðast eftirfarandi:

Jón Páll Sigmarsson KR telst hafa gerst brotlegur við 3. gr. reglugerðar-

innar með því að mæta ekki til lyfjæftirlits sem hann var boðaður til þann 25. marz 1985 og útilokast því frá þátttöku í íþróttamótum innan allra sersambanda ÍSÍ í tvö ár frá þeim degi að telja.”

Stefnandi krefst og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum, að undanskildum minnihluta nefndar skv. 8. gr. reglugerðar, Guðmundi Þórarinssyni, samkvæmt gjaldskrá LMFÍ sbr. framlagðan málskostnaðar-reikning að fjárhæð kr. 162.300,00.

Stefndu Íþróttasamband Íslands ÍSÍ og meirihluti hinnar stefndu nefndar, þeir Hannes Þ. Sigurðsson, Jón Ármann Héðinsson, Stefán Carlsson og Magnús B. Einarsson gera þær dómkröfur að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Guðmundur Þórarinsson, minnihluti hinnar stefndu nefndar, krefst sýknu að því leyti sem kröfum væri persónulega beint gegn honum, en tekur undir kröfur stefnanda um ógildingu úrskurðar.

Stefnandi styður kröfu sína tvenns konar rökum. Í fyrsta lagi að stefndu hafi ekki haft lögsögu yfir honum þegar úrskurðurinn hafi verið uppkveðinn, og í öðru lagi að verði ekki á það fallist, þá sé úrskurðurinn ólögsmætur efnislega og vegna meðferðar málsins hjá hinni stefndu nefnd.

Stefnandi kveðst hafa verið félagi í Knattspyrnufélagi Reykjavíkur (KR) og æft í lyftingadeild félagsins þar til hann hafi sagt við Viðar Sigurðsson, stjórnarmann í lyftingadeild KR, í desember 1984 að hann hygðist verða atvinnumaður í kraftlyftingum og hann færi því úr félaginu þar sem það samræmdist ekki áhugamannafélagi að stunda atvinnuþenngu. Í febrúar 1985 hafi hann síðan farið til útlanda í keppnisferð, og komið heim um helgina 2. mars 1985. Hinn 12. mars hafi starfsmaður stefnda, Hermann Guðmundsson, hringt til Ólafs Sigurgeirssonar og óskað þess að stefnandi yrði boðaður í lyftingapróf 13. mars kl. 16.15, og símtalinu hafi verið fylgt eftir með hraðskeyti. Ólafur Sigurgeirsson hafi þá sent stefnda svohljóðandi símskeyti hinn 13. mars 1985.

„Vegna skeytis er ég fékk í gær vil ég taka fram að Kraftlyftinganeftnd LSÍ er ekki lengur til og ég sjálfur er ekki lengur í stjórn LSÍ. Jón Páll Sigmarsson er ekki félagsbundinn í neinu íþróttafélagi, hann æfir í líkamsrækt fyrir almenning er rekin er af hlutafélagi. Hann er meðlimur í nýstofnuðu Kraftlyftingasambandi eins og allir kraftlyftingamenn Íslands. Það samband sér um allar lyfjaprófanir sem gerðar verða á Jóni Páli og öðrum kraftlyftingamönnum í samráði við IPF meðan sambandið er utan ÍSÍ.”

Með símskeyti þessu hafi Ólafur Sigurgeirsson neitað að boða stefnanda til lyfjaprófs 13. mars og hafi neitun þessi orðið undirrót mikilla blaðaskrifa og fjölmiðlaumfjöllunar.

Aðdragandi þessa hafi verið að á fundi lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ hinn 18. febrúar 1985 hafi verið ákveðið að stefnandi ásamt tólf öðrum íþróttamönnum gengju undir lyfjaeftirlitspróf miðvikudaginn 27. febrúar milli kl. 17.00 - 18.30 í húsakynnum stefnda í Laugardal. Þá hafi verið haft samband við Ólaf Sigurgeirsson sem þá hafi verið formaður Kraftlyftinganefndar Lyftingasambands Íslands (LSÍ), sem hafi skýrt frá því að stefnandi væri í útlöndum, og hafi Ólafur boðið formanni nefndarinnar, Alfreð Þorsteinssyni, að tilnefna einhvern annan kraftlyftingamann til prófsins. Það hafi ekki verið þegið, en sagt að stefnandi væri væntanlegur til landsins og þá mætti lyfjaprófa hann.

Hinn 28. febrúar 1985 hafi Lyftingasamband Íslands sent stefnda ÍSÍ bréf þar sem tilkynnt var að á stjórnarfundum LSÍ sama dag hafi verið ákveðið að sambandið hætti afskiptum af kraftlyftingum hér á landi. Ástæður þessa voru tilgreindar aðallega að ólympískar lyftingar og kraftlyftingar séu tvær aðskildar greinar með tvö aðskilin alþjóðasambönd, en fjárframlaga til LSÍ frá ÍSÍ sé einungis fyrir eina íþrótt. Auk þessa séu kraftlyftingar að útrýma ólympískum lyftingum hér á landi. Bréfi þessu svaraði stefndi ÍSÍ með bréfi 14. mars 1985, þar sem lýst var ályktun fundar framkvæmdastjórnar ÍSÍ daginn áður svohljóðandi:

„Með þessari ákvörðun hefur stjórn LSÍ farið langt út fyrir valdsvið sitt. Það er ekki í hennar valdi, né hennar hlutverk að ákveða svo stórkostlega skipulagsbreytingu og þá að Lyftingasamband Íslands hætti afskiptum af kraftlyftingum hér á landi.

Slík ráðstöfun, þ.e. að skilja kraftlyftingar frá öðrum lyftingum, myndi því aðeins öðlast gildi að lögum Lyftingasambands Íslands væri breytt á þingi sambandsins og sambandsstjórnarfundur ÍSÍ staðfesti slíkt með laga-breytingu.

Af þessu leiðir að nefnd ákvörðun stjórnar Lyftingasambandsins er ekki marktæk og telur framkvæmdastjórn ÍSÍ að stjórn Lyftingasambandsins beri ótvíræð skylda til þess að sinna kraftlyftingum sem öðrum lyftingamálum samanber lög Lyftingasambands Íslands.”

Í millitíðinni, hinn 2. mars 1985, höfðu kraftlyftingamenn stofnað Kraftlyftingasamband Íslands (KRAFT) og hafði Ólafur Sigurgeirsson verið kosinn formaður. Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ hinn 13. mars 1985 voru bæði mál þessi tekin fyrir. Varðandi mál stefnanda Jóns Páls var bókað að lyfjaeftirlitsnefnd lagði mál þetta fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ, sem samþykkti að vísa því til nefndar er fjalla á um brot á reglugerð ÍSÍ um eftirlit með notkun örvunarefna, á grundvelli fyrrgreinds símskeytis Ólafs Sigurgeirssonar til stefnda ÍSÍ.

Stefndi ÍSÍ efndi til blaðamannafundar 20. mars 1985 til þess að kynna sjónarmið ÍSÍ til hins nýstofnaða Kraftlyftingasambands Íslands og til þess

að ræða um lyfjapróf íþróttamanna. Í blöðum daginn eftir var mjög fjallað um þetta og því lýst að refsingin við því að neita að mæta í lyfjaprófi væri að minnsta kosti tveggja ára keppnisbann. Stefnandi kveður ríkisfjölmíðlana hafa fylgt málinu eftir og fjallað um það í fréttaskýringaþættinum Kastljósi föstudaginn 22. mars 1985. Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda ÍSÍ, hafi 25. mars rætt við sig tilboð formanns lyfjaeftirlitsnefndarinnar um að hann kæmi til lyfjaprófs næstu daga þá á eftir, en því hafi stefnandi hafnað.

Með bréfi 18. apríl 1985 hafi sér borist úrskurður sá sem hér sé krafist ógildingar á, án þess nokkru sinni að hafa verið kallaður fyrir nefnd þá sem kvað hann upp. Þá hafi verið ljóst og vitað frá 13. mars að stefnandi væri ekki og hefði ekki verið í KR síðan í desember 1984, og því ekki innan vébanda ÍSÍ. Í ljós sé leitt að nefndin hafi leitað til KR með bréfi 10. apríl 1985 til þess að fá upplýsingar um hvort stefnandi væri genginn úr félaginu og gögn sem sönnuðu það. Gögnin hafi borist nefndinni, en samt hafi úrskurðurinn verið kveðinn upp af meirihluta nefndarinnar 15. apríl 1985. Í ljós sé leitt hér í málinu með framlagningu gagna að málsmeðferð öll hafi verið með eindæmum. Nefndin hafi fengið öll gögn um að stefnandi hafi sagt sig úr KR á venjulegan hátt í desember 1984 og að ekki tíðkaðist að menn segðu sig skriflega úr félagi. Stefnandi hafi því sannað hér í málinu að ekki sé farið eftir reglum KR sem kveði á um skriflega úrsögn, nema í sérstökum undantekningartilfellum sem varði keppni með öðru félagi. Stefnandi hafi því ekki verið undir lögsögu ÍSÍ þegar aðförin að honum hafi verið gerð.

Fallist dómurinn ekki á þetta og telji að stefnandi hafi enn verið formlega í KR og því í lögsögu stefnda ÍSÍ, þá beri stefnandi fyrir sig að úrskurðurinn sé ólögmætur efnislega. Stefndi ÍSÍ hafi ekki lagaheimild í íþróttalögum til þess að setja reglur um líferni íþróttamanna á milli opinberra keppnismóta. Stefndi hafi því ekki heimild er skyldi íþróttamenn til að gangast undir lyfjaeftirlitspróf nema slíkt próf sé liður í eftirliti stefnda með opinberri íþróttakeppni í grein sem lúti lögsögu stefnda. Þá bendi stefnandi á að setji stefndi reglur um lyfjaprófanir í keppni, þá verði þær að vera í samræmi við aðrar reglur, eins og alþjóðlegar reglur um lyfjaeftirlit kraftlyftingamanna.

Í þriðja lagi telji stefnandi úrskurðinn ólögmætan vegna þess að lyfjaeftirlitsnefnd hafi í störfum sínum sjálf brotið 2. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna, er hún lagði grunn að því lyfjaprófi sem stefnandi átti að mæta í. Nefndarmenn hafi einir sér og án nokkurs samráðs eða samvinnu við sérsambönd innan vébanda stefnda ákveðið á fundi 18. febrúar 1985 að stefnandi ásamt tólf öðrum íþróttamönnum skyldi mæta til lyfjaprófs miðvikudaginn 28. febrúar 1985 kl. 17.00 - 18.30. Nefndin

hafi verið andsnúin samráði eða samvinnu um boðun til lyfjaeftirlits, þar sem tillögu þáverandi formanns kraftlyftinganeftndar LSÍ um lyfjaprófun á öðrum kraftlyftingamanni en stefnanda hafi verið hafnað og sagt að hann, þ.e. stefnandi, gæti komið til prófsins þegar hann kæmi að utan. 2. gr. reglugerðarinnar mæli fyrir um samvinnu við viðkomandi sérsamband, og eða fyrirvaralaust á íþróttaæfingum, íþróttamótum og alþjóðamótum (sic). Þarna hafi ekki verið um íþróttamót að ræða heldur tímabil á milli móta, og því hafi þurft samvinnu við LSÍ til þess að eftir ákvæði reglugerðarinnar væri farið. Þetta hafi verið í fyrsta skipti sem lyfjapróf af þessu tæi hafi verið ákveðið, þ.e. án þess að um keppni væri að ræða, og því hafi ekki reynt á þetta áður.

Í fjórða lagi bendi stefnandi á að úrskurðinn beri að ógilda vegna þess að meðferð málsins hjá hinni stefndu nefnd hafi farið í bága við grundvallarreglur réttarfars. Nefnd þessi sé dómstóll á vegum stefnda ÍSÍ. ÍSÍ sé stjórnvald og komi fram fyrir hönd íslenskra stjórnvalda á sviði íþrótta-mála. Hann hafi ekki verið persónulega boðaður til lyfjaprófs fyrr en 25. mars 1985 er Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnda ÍSÍ, hafi rætt við sig tilboð formanns nefndarinnar, Alfreðs Guðmundssonar, sem hann hafi gefið í sjónvarpshætti 22. mars. Þetta hafi verið einkaframtak formannsins til þess að leysa einhvern vanda sem hann og nefndin hafi þá verið komin í, og engra formreglna hafi því verið gætt. Síðan hafi stefnandi ekki verið boðaður á einn eða annan stað til þess að gæta réttar síns er hin stefnda nefnd hafi haft mál hans til meðferðar. Slík vinnubrögð séu brýnt brot á meginreglum réttarfars svo sem reglum um birtingar og andmælaireglunni. Stjórnvöld hafi þá brýnu skyldu að gefa mönnum kost á að tjá sig áður en úrskurður er upp kveðinn í máli þeirra. Regla þessi sé lögfest í lögum um meðferð mála fyrir dómstólum landsins, og nefndin hefði einnig átt að hafa hana í heiðri. Komi í ljós að aðila hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um kröfur á hendur honum fyrir úrskurðaraðila leiði það til ógildingar úrskurðarins.

Stefnandi leggur áherslu á að stefnda hafi verið kunnugt að frá og með 2. mars 1985 hafi stefnandi ásamt flestum kraftlyftingamönnum hér á landi stundað kraftlyftingar á vegum Kraftlyftingasambands Íslands sem standi enn utan vébanda stefnda. Þátttöku í KRAFT kveði stefnandi sér heimila og stefnda óviðkomandi meðan félagafrelsi ríki hér á landi, og þess vegna geti stefndi ekki skikkað sig til lyfjaprófs þegar stefnda henti.

Stefndu ÍSÍ og meirihluti nefndar mótmæla sem of seint fram kominni við munnlegan málflutning þeirri málsástæðu stefnanda að stefnandi hafi verið genginn úr KR og að úrskurðurinn hafi verið ólöglegur af þeirri ástæðu.

Stefndu gera ekki kröfu um frávisun málsins en benda á að 26. gr.

Íþróttalaga nr. 49/1975 ætti að leiða til sjálfkrafa frávísunar. Þar sé kveðið á að ágreiningi út af skilningi á lögnum skuli skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn að hann heyri undir dómstóla. Þessi nefnd sé réttur aðili til að skera úr um bægni ÍSÍ til að setja reglur um lyfjaprófanir og um málsmeðferð við slíkar prófanir. Stefnanda hafi bréflega verið tilkynnt niðurstaða hins umdeilda úrskurðar og þá bent á að heimilt væri að áfrýja úrskurðinum til dómstóls ÍSÍ. Þótt dómstólar eigi skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar úrskurðarvald um embættistakmörk yfirvalda verði ekki af því ákvæði leidd heimild dómstóla til að skera úr um þau atriði sem krafist sé af stefnanda í þessu máli.

Sýknukröfu sína styðja stefndu í fyrsta lagi þeim rökum að hinn umdeildi úrskurður hafi verið kveðinn upp á lögmætum grundvelli. Stefnandi hafi gerst meðlimur í íþróttafélagi innan vébanda ÍSÍ og þar með skuldbundið sig til að hlíta reglum þess félags, þ.e. KR, og sérsambandsins, Lyftingasambands Íslands og reglum ÍSÍ. Stefnandi hafði ekki löglega sagt sig úr KR þar sem lög félagsins kveði á um að úrsögn skuli vera skrifleg. Upplýst sé að eftir þessu sé stranglega gengið þegar maður gengur úr félagi til þess að keppa fyrir annað félag í sömu íþróttagrein. Þessu megi alfarið jafna við slíkt tilvik. Hér hafi stefnandi sagst hafa gengið úr KR þegar hann hafi verið kallaður til lyfjaprófs. Hann hefði því átt að hafa gert úrsögn sína skriflega til þess að ekkert færi á milli mála. Úrskurðurinn hafi síðan verið kveðinn upp skv. reglugerð sem sett hafi verið af ÍSÍ á Íþróttapeingi eins og lög geri ráð fyrir. Ákvörðun stjórnar Lyftingasambands Íslands um að skipta sér ekki frekar af kraftlyftingum hafi ekki getað tekið gildi tafarlaust. Samkvæmt 2. gr. laga LSÍ hafi það yfirstjórn allra íslenskra lyftinga, en lagabreytingin hafi ekki verið afgreidd fyrr en á Lyftingapeingi í nóvember 1985. Lagabreytingin þurfi staðfestingu Sambandsstjórnar ÍSÍ til þess að öðlast gildi.

Stefndu mótmæla því að stofnun Kraftlyftingasambands Íslands og þátttaka stefnanda í því komi í veg fyrir heimild stefnda ÍSÍ til að boða stefnanda til lyfjaprófs og úrskurða um viðurlög. Það að reglur þær sem ÍSÍ hafi sett um lyfjaeftirlit samrýmist ekki reglum Alþjóðakraftlyftingasambandsins breyti engu um lögmætan grundvöll úrskurðarins. Stangist alþjóðlegar reglur á við reglur ÍSÍ gangi íslensku reglurnar fram, og þær þurfi að gilda um íþróttamenn allra sérsambanda innan ÍSÍ. Löggjöf um íþróttir leiði til þess að ÍSÍ hafi á hendi yfirstjórn frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og því réttur aðili til að halda uppi eftirliti með því að ólöglegra lyfja sé ekki neytt af íþróttamönnum.

Í öðru lagi sé sýknukrafan byggð á því að málsmeðferð varðandi lyfjaprófin og uppkvaðningu hins umdeilda úrskurðar sé ekki haldin slíkum ágöllum sem leiði til að ógilda beri úrskurðinn. Því sé mótmælt að lyfja-

eftirlitsnefnd hafi við boðun til lyfjaprófs brotið 2. gr. reglugerðar um eftirlit með notkun örvunarefna. Samráð við sársamböndin felist í milligöngu formanna sársambanda um boðunina og aðstoð við val manna. Í samráði felist m.a. að fá aðra menn til prófs en nefndin hafi upphaflega fyrirhugað ef til þess eru gild rök, svo sem að viðkomandi sé ekki í þjálfun. Ekkert slíkt hafi átt við um stefnanda. Hann hafi verið löglega boðaður til lyfjaprófs og að eigin sögn hafnað því.

Stefndu vísa fullyrðingum stefnanda um brot á reglum um birtingar og andmælareglu á bug. Þegar hin stefnda nefnd hafi komið saman til að kveða upp hinn umdeilda úrskurð hafi legið fyrir að stefnandi hefði ekki sinnt boðun til lyfjaprófs. Viðurlög við slíku séu ákveðin í reglugerðinni og verði ekki séð á hvern hátt annan stefnanda hafi verið þörf að gæta réttar síns en að fara fram á að á honum yrði gert lyfjapróf. Stefnandi hafi ekki notað rétt sinn til að áfrýja úrskurðinum til Íþróttadómstóls ÍSÍ skv. 9. gr. reglugerðarinnar. Einnig sé mótmælt að stefnanda hafi ekki verið birtur úrskurðurinn með eðlilegum hætti. Birtingin hafi verið eðlileg, en hins vegar sé ljóst að galli á birtingu geti ekki varðað ógildingu úrskurðarins.

Stefndi Guðmundur Þórarinnsson sem skipaði minnihluta hinnar stefndu nefndar, tók undir málsútlistun stefnanda og kröfu hans um að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Hann hafi lagt fram frávísunartillögu í nefndinni sem hafi byggst á því að stefnandi væri ekki meðlimur í íþróttafélagi innan ÍSÍ. Stefnandi hafi sagt sig úr félagi sínu á þann máta er tíðkast hafi um áratugaskeið og því hafi sá máti, þ.e. munnleg úrsögn, öðlast hefð.

Niðurstaða.

Telja verður að málsástæða stefnanda um að hann hafi ekki verið í félagi innan vébanda stefnda ÍSÍ felist í framkomnum málsástæðum hans í greinargerð og að hún sé því ekki of seint fram komin.

Telja verður að 26. gr. íþróttalaga nr. 49/1956 standi ekki í vegi fyrir því að stefnandi geti lagt mál sitt beint fyrir almenna dómstóla landsins, þar sem hér er um mikla einstaklingshagsmuni að ræða.

Ekki verður fallist á með stefnanda að sýnt sé að hann hafi á lögfullan hátt sagt sig úr lyftingadeild KR í desember 1984 og að stefndu hafi því ekki haft lögsögu yfir honum og að þegar af þessari ástæðu beri að ógilda úrskurðinn frá 15. apríl 1985. Er þar um slíkt vafamál að ræða sem útkljár hefði þurft af þar til bærum úrskurðaraðilum stefnda ÍSÍ samkvæmt íþróttalögum.

Ekki verður heldur fallist á með stefnanda að úrskurðurinn sé ólögmatgur vegna þess að stefndi ÍSÍ hafi ekki haft heimild til að setja reglur er skyldi íþróttamenn til að gangast undir lyfjapróf á milli opinberra keppnismóta.

Stefndi ÍSÍ hefur í samræmi við hlutverk sitt tekið að sér að berjast gegn þeim vágesti sem ólögleg lyfja- og efnanotkun íþróttamanna er og hefur sett reglur þar að lútandi á lögformlegan hátt.

Enn verður ekki fallist á að úrskurðinn beri að ógilda vegna þess að nægilegt samráð skv. 2. gr. reglugerðar hafi ekki verið viðhaft.

Er þá komið að málsástæðu stefnanda sem lýtur að meðferð málsins hjá hinni stefndu nefnd.

Stefndu ÍSÍ og meiri hluta nefndar skv. 8. gr. reglugerðar ÍSÍ mátti vera fullljóst að ástæður stefnanda fyrir því að mæta ekki til lyfjaprófs þess sem hann var boðaður til 25. mars 1985 voru bæði að hann taldi sig ekki í félagi innan vébanda ÍSÍ og einnig, að hann taldi sig ekki vera frekar en flestallir kraftlyftingamenn lengur í Lyftingasambandi Íslands, þar sem þeir höfðu hinn 2. mars 1985 stofnað Kraftlyftingasamband Íslands. Andmæli voru af hálfu stefnda ÍSÍ við stofnun hins nýja Kraftlyftingasambands, og hafði það ekki hlotið aðild að ÍSÍ. Þegar svo stóð á var rík ástæða til að boða stefnanda sérstaklega fyrir nefndina og skjóta álitaefninu um félagsaðild stefnanda og lögmæti hins nýstofnaða Kraftlyftingasambands Íslands til þar til bærs úrskurðaraðila stefnda ÍSÍ áður en nefndin tæki afstöðu til þess hvort stefnandi hefði með háttarni sínu gerst brotlegur við reglugerð um eftirlit með notkun örvunarefna. Hér var um grundvallaratriði varðandi félagsaðild einstaklings að ræða og varðandi lögmæti annars félags, sem ekki verður úrskurðað um í sérstakri nefnd sem hefur annað hlutverk, nema um slíkt sé full samstaða málsaðilja og að einstaklingar fái að tala máli sínu og svara til saka.

Þegar þetta er virt verður að telja að skortur á að gefa stefnanda kost á að skýra mál sitt fyrir nefndinni og að ekki var hlutast til um að ágreiningur um félagsaðild og félagsstofnun væri útkljáður af þar til bærum aðilum, áður en úrskurðarefni skv. reglugerð um eftirlit með notkun örvunarefna væri tekið fyrir í nefndinni, valdi því að hinn umdeildi úrskurður hafi ekki verið byggður á lögmætum grundvelli. Ber því að fallast á með stefnanda að ógilda beri úrskurðinn.

Eftir öllum atvikum er rétt að hver aðila beri sinn málskostnað.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna sérstaks umfangs málsins.

D ó m s o r ð:

Framangreindur úrskurður nefndar skv. 8. gr. reglugerðar ÍSÍ um eftirlit með notkun örvunarefna er dæmdur ógildur.

Málskostnaður fellur niður.